

## Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 28. mars 2019 kl. 9:30, en þetta var 69. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson, Reynir Tómas Geirsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar sat einnig fundinn.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (21. febrúar 2019) var samþykkt.

### 2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem eru líffærafræðileg lýsingarorð og byrja á „trans“ (45 færslur). Þessi listi hafði verið sendur fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listann á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur. Þetta verður síðan birt í Orðabankanum innan skamms.

b) Stutt kynning á stöðu mála varðandi fjórða líffærafræðiheftið en vinna við það heldur áfram í samvinnu við Hannes Petersen.

Farið var yfir færslur fyrir mænukylfu (17 færslur).

Staðan á vinnu við þetta hefti er þannig að um 250 færslur eru að mestu tilbúnar en heftið mun væntanlega innihalda nálægt 500 færslum.

### 3. Önnur mál

Fyrirspurn barst frá íslenskum lækni erlendis um þýðingar á fjórum hugtökum úr taugaskurðlæknisfræði. Nefndin kom sér saman um bráðabirgðasvör sem eru eftirfarandi:

- spinal chord stimulation: mænuörvun
- deep brain stimulation: djúpörvun heila
- neuromodulation: taugamótun
- implantable pulse generator: púlsvakaígræði, púlsgjafaígræði

Skjal um íslenskan rithátt á efnaheitum hefur áður verið kynnt í nefndinni. Stuttar umræður urðu um þetta skjal og verður þeim haldið áfram.

### 4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 2. maí 2019, kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar. Síðasti fundur fyrir sumarleyfi gæti orðið 13. júní.

Fundi var slitið um kl. 10:35.